



HAFNARFJÖRÐUR

REGLUR OG SKILYRÐI UM GREIÐSLUR TIL EINKAREKINNA LEIKSKÓLA

Frá 1. mars 2018 verða framlög til einkarekinna leikskóla í samræmi við [viðmiðunargjaldskrá Sambands Íslenskra sveitarfélaga](#).

Gjaldskráin sýnir brúttótölur og frá þeim dragast leikskólagjöld sem viðkomandi leikskóli innheimtir af foreldrum. Greitt er í 11 mánuði á ári, þ.e. ekki er greitt fyrir sumarleyfismánuð, júlí eða ágúst

1. Eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu er að:

- I. Barnið eigi lögheimili í Hafnarfirði.
- II. Að barnið sé á aldrinum 15 mánaða (fer eftir fæðingarmánuði) til sex ára á því ári sem það fær leikskólavist. Þetta ákvæði á ekki við yngri börn sem hafa fengið leikskólavist þegar þessar reglur taka gildi.
- III. Börn námsmanna í fullu námi geta frá 12 mánaða aldri sótt um leikskólavist. (sjá reglur að neðan)
- IV. Að ekki sé laust sambærilegt rými í leikskólum Hafnarfjarðar.
- V. Leikskóli hafi rekstarleyfi og uppfylli lög um leikskóla
- VI. Að barnið sé slysatryggt í leikskólanum.
- VII. Barnið dvelji 4-9 klst. daglega í leikskólanum

2. Greitt er samkvæmt reikningi þar sem fram kemur nafn barns, kennitala, heimilisfang, leikskólagjöld og dvalartími ásamt staðfestingu foreldris/forráðamanns.

3. *Námsmenn eru hjón og sambúðarfolk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði og einnig einstæðir foreldrar.*

- *eru í háskólanámi og skráð í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.*
- *Eru í framhaldsskóla og skráð í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.*
- *Nám sem tekið er gilt og er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.*

Drög lögð fram í Fræðsluráði 21. Mars 2018.